

# Hrafnabjörg 2, Jökulsárhlið Múlaping - strenglögn

*Úttektarskýrsla minjavarðar*

Þuríður Elísa Harðardóttir  
2023



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland



Höfundur  
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsiðu  
Horft til norðvesturs yfir fyrirhugað framkvæmdarsvæði (mynd RARIK)

© 2023  
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Iceland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

|    |                                 |   |
|----|---------------------------------|---|
| 1. | Aðdragandi vettvangsferðar..... | 4 |
| 2. | Fyrri rannsóknir .....          | 4 |
| 3. | Staðhættir .....                | 4 |
| 4. | Rannsókn – aðferð .....         | 4 |
| 5. | Fornleifaskrá .....             | 4 |
| 6. | Niðurstöður .....               | 5 |
| 7. | Heimildaskrá .....              | 6 |

## Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:

3155

Tilgangur úttektar:

Strenglögn að húsum í landi Hrafnabjargar 2

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

RARIK var í sambandi við minjavörð vegna fyrirhugaðrar strenglagnar í landi Hrafnabjarga 2 í Jökulsárhlíð. Áformað er þar að leggja jarðstreng í tvö hús.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið

## 2. Fyrri rannsóknir

Árið 1999 vann Fornleifastofnun Íslands ses. heimildarkönnun menningarminja í Jökuldal- og Jökulhlíðarhreppi. Sagnabrunnur ehf. vann fornleifaskráningu vegna strenglagnar um Jökulsárhlíðina árið 2021. Skráningarsvæði þess verkefnis nær yfir hluta af þeirri strenglögn sem nú er fyrirhuguð.

## 3. Staðhættir

Framkvæmdarsvæðið er vestan við bæjarstæði Hrafnabjarga 1 í meir en 200m fjarlægð. Frá Hlíðarvegi liggur vegur að svæðinu til vesturs yfir fyrirverandi mýrasvæði sem nú hefur ræst fram og ræktað. Gamli bærinn á Hrafnabjörgum stóð þar sem Hrafnabjörg II stendur í dag en það svæði er töluvert sunnan við fyrirhugað framkvæmdi. Í svæðisskráningu jarðarinnar og í örnefnaskráningu kemur fram að undir Selbjörgum sé stekkur. Stekkurinn er staðsettur utan fyrir fyrirhugaðar framkvæmdarsvæði strenglagnarinnar en hann er staðsettur norðvestan við fjárhúsin. Húsin sem tengja á við kerfið eru reist eftir 1959.

## 4. Rannsókn – aðferð

Farið var yfir fyrirliggjandi heimildir s.s. túnakort, örnefnakort, svæðisskráningu og eldri loftmyndir. Einnig var notast við drónamyndir sem RARIK útvegaði.

## 5. Fornleifaskrá

Einn mögulegur minjastaður er í nálægð fyrir fyrirhugaða strenglögn.


- 3155-001 Þúst, óþekkt.** Norðanmegin við vegslóðann er mögulegur minjastaður. Hvort hér sé um að ræða fornleifar/minjar eða ekki liggur ekki fyrir. Staðurinn fær að njóta vafans. Engar heimildir liggja fyrir um minjar á þessu stað. Staðnum ætti ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum sé tekið tillit til hans.



Mynd 2 – Horft til norðurs yfir þústina (mynd RARIK).

## 6. Niðurstöður

Einn mögulegur minjastaður er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðar strenglagnar. Honum ætti ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum sé tekið tillit til hans.



Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.

## 7. Heimildaskrá

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu. Svæðisskráning. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna línulagnar á Héraði. Fossvellir að Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlið, Múlaþingi*. Sagna-brunnur.

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Hrafnabjarga. (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Hrafnabjörg. Skráð af Eiríki Eiríkssyni eftir skrá Ara Gíslasonar frá 1962. Örnefnastofnun Íslands.

## Myndaskrá

|                                                           |   |
|-----------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1 – Úttektarsvæðið .....                             | 4 |
| Mynd 2 – Horft til norðurs yfir þústina (mynd RARIK)..... | 5 |
| Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum. .... | 5 |

## Viðaukar

Landupplýsingargögn.  
Skráningartafla.